



Sveitarstjórnarfundur 13. apríl 2026

Mánudaginn 13. apríl 2026 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 42. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Ísabella B. Petersen, Hildur Aradóttir, Arnlín Óladóttir og Sunna Einarsdóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Hildur Aradóttir leitar afbrigða sbr. lið nr. 7.

Afbrigði er samþykkt samhljóða.

Dagskrá 42. fundar:

1. Fundargerð 41. sveitarstjórnarfundar 01.04.2026
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Reglur um heimastjórnarkosningar í Sameinuðu sveitarfélagi Árneshrepps og Kaldrananeshrepps
5. Erindi til sveitarstjórnar
6. Kaup á húsi
7. Erindi frá umboðsmanni barna

Fundargerð:

1. Fundargerð 41. sveitarstjórnarfundar 01.04.2026.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

- a. Fundargerð Fræðslunefndar, 08.04.2026.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

3. Aðrar fundargerðir

Engar fundargerðir lágu fyrir.

4. Reglur um heimastjórnarkosningar í Sameinuðu sveitarfélagi Árneshrepps og Kaldrananeshrepps

Fyrir liggja reglur um heimastjórnarkosningar í Sameinuðu sveitarfélagi Árneshrepps og Kaldrananeshrepps.

Undirbúningsstjórn vegna sameiningar Árneshrepps og Kaldrananeshrepps staðfesti reglur um íbúakosningu í heimastjórn á 2. fundi sínum sem haldinn var 10. apríl sl. og liggja umræddar reglur fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Reglur um heimastjórnarkosningar í Sameinuðu sveitarfélagi Árneshrepps og

Kaldrananeshrepps lagðar fram til kynningar.
Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi reglur.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

5. Erindi til sveitarstjórnar

Kauptilboð barst sveitarstjórn Kaldrananeshrepps í landið Mýrar. Tilboðið hljóðar upp á 3.000.000kr.-

Erindi lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn ákveður að veita oddvita heimild til sölu landeignarinnar Mýrar skv. tilboði til rétthafa lóðarleigusamnings og eiganda fasteigna á landinu.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

6. Kaup á húsi

Vöntun er á íbúðarhúsnæði á Drangnesi og liggur fyrir tilboð frá Húsasmiðjunni að upphæð 14.900.000kr.- í 37fm hús sem staðsett yrði á Vitavegi.

Tilboð lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn ákveður að veita oddvita heimild til að festa kaup á umræddu húsi og undirbúnings uppsetningar.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

7. Erindi frá umboðsmanni barna

Erindi barst frá umboðsmanni barna er varðar sveitarstjórnarkosningar 2026 og lýðræðisleg þátttaka barna.

Erindi lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið klukkan 20:54.